

## Starfsáætlun fyrir starfsárið 2021 – 2022

### Úr pósti frá Jónínu Ernu formanni 21.09.2021 – Delta vaknar til lífsins:

Heilar og sælar kæru Deltakonur

Vonandi hafið þið haft það gott síðan síðast

Við í stjórninni erum búnar að funda og ákveða fyrstu skrefin, sem eru varfærin en samt ákveðin þrátt fyrir veiruna.

Vetrardagskráin er ekki alveg tilbúin en við byrjum í næstu viku, og ég set hér með drög að dagskrá fram yfir jól, þá getið þið sett það í dagatalið,--allavega svona ca.

Miðvikudaginn 29. september kl. 17 (eða 17:30, læt ykkur vita með nákvæmari dagskrá og mat þegar nær dregur)

Hittumst hjá Helenu Guttormsdóttur á Bjarkargrund 20, Akranesi. Hella sýnir hún okkur vinnustofu föður sína Guttorms Jónssonar og heldur fyrir okkur erindi sem hún kallar „Hvernig verður maður það sem maður er“.

27. október er svo planið að fara í Mixtúru margmiðlunarver í Reykjavík (þau hafa ekki staðfest að þau geti tekið á móti okkur en við erum að vinna í að fá það á hreint).

Lok nóvember verður svo jólafundur, við erum sömuleiðis að vinna í honum. Dagsetning er ekki alveg ákveðin, en kemur vonandi fljótt. Planið er að hafa hann í Reykholti.

27. janúar verður bókafundurinn okkar og við erum að vinna í að fá höfund í heimsókn (þið fáið samt líka bækur til að lesa heima)!

### Úr pósti frá Jónínu Ernu formanni 07.02.2022 – Næstu fundir:

Sælar kæru Delta konur

Við hittumst á fimmtudag stjórnin og erum náttúrulega mjög bjartsýnar konur að eðlisfari og trúum að faraldurinn leyfi okkur að hittast nú á vorönninni. Því boðum við núna tvo næstu fundi og vonum að sem flestar komist –og veiran og veðrið verði til friðs!

Næsti fundur verður eftir rúma viku miðvikudaginn 16. febrúar í Reykholti, hittumst kl. 17:30 í Reykholti. Jónína Eiríks tekur á móti okkur og sýnir okkur varaeintakasafn Landsbókasafnsins og ætlar síðan að bjóða okkur heim í súpu og þar höldum við fund. Gestur fundarins verður Eva Björg Ægisdóttir rithöfundur. Nánari dagskrá kemur í næstu viku.

Þar-næsti fundur verður 24. Mars í frístundamiðstöðinni Garðavöllum. Þá ætlum við að fara í gegnum heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og fáum góða gesti. Vona að sem flestar komist

Aðalfundur var svo haldinn 1. Júní 2022 á Laxárbökkum.